



## Ræða um stjórnarandstæðinga, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Stjórnarandstæðingar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarandstæðingar gera lítið  
ur því verzlunarfrelsi, sem fengizt hefur,  
lesa með lærdómshroka tölur því til sönnun-  
ar. Eg vil ekki taka þátt í þeim talnaleik.  
Eg býst við, að þar fari svo sem sagt var á Al-  
þingi forðum, að allt sé undir komið, hvaða  
tölur eru teknar. En almenningur þarf einsk-  
is talnasamanburðar í þessu sambandi. Allir  
vita og sjá þá gjörbreytingu, sem orðið hef-  
ur á vöruúrvali í verzlunum, ekki aðeins hér  
í Reykjavík heldur úti um allt land. Í stað  
vöruþurðar og biðraða er nú komin gnægð úr-  
vals, svo að almenningur getur valið það sem  
honum er hentast. Um þetta er sjón sögu rík-  
ari. Eins er með byggingafrelsið. Hafa menn  
að vísu ekki treyst sér til að gefa frjálssar  
stórbyggingar eða meira en meðal íbúðarhús.  
Murnurinn fyrir almenning er samt gífurlegur,  
slíkur, að héðan í frá þarf allur fjöldinn ekk-  
ert undir fjárhagsráð að sækja, eða stofnun  
þá, sem nú kemur í þess stað. Hin illræmda  
leyfa- og haftastefna var vissulega búin að  
vinna sér til óhelgi í hugum manna. Um mis-  
heppnun hennar og ófarir tjáir ekki að kenna  
þeim, er settir voru til framkvæmda. Flestir  
voru það ágætir menn. Þeim var fengið yfir-  
mannlegt verkefni, leyfin jafngiltu í raun  
og veru peningagjöf. Það er á einskis manns

færi að útbíta slíku þannig, að fullkomlega réttlátt sé eða oaðfinnanlegt. Það er því áreiðanlegt, að einhver merkasta og bezta umbótin í íslenzku þjóðfélagi er, að nú skuli þessum ófögnuði að mestu lokið. Við hinu verður ekki gert, að enn um stund verður sökum gjaldeyrisástands að halda í nokkurn hluta haftanna. Munurinn er sá, að þar sem rauðu flokkarnir telja höftin sáluhjálparatriði og þau leysi allan vanda þá lítum við Sjálfstæðismenn þannig á, að þau séu böll, sem að vísu sé óhjákvæmilegt, að þessu leyti um sinn, en sem allra fyrst verði að reyna að forða sér frá. Það er meira en hlálegt, þegar Kommúnistar og Jafnaðarmenn og Þjóðvarnarmenn eru að fárast yfir, að þessu skuli ekki aflétt með öllu. Mennirnir, sem lifa og hrærast í trú á höftum og bönnum og byggja allar stjórnmalakenningar sínar á því, að einstaklingurinn sé ekki þess verður að mega ráða málum sínum sjálfur heldur hljóti nefnd og ýmiss konar ráð að vita betur en sjálfur hann, hvað honum hentar, og á hverju hann þarf að halda. Lengst gengur hræsnin, þegar Alþýðuflokkurinn, sá flokkur, sem lengst af öllum hefur haldið uppi baráttu fyrir haftastefnunni hér á landi flytur nú tillögur um algert frjálstræði í verzluninni. Slíkur skrípaleikur verður áreiðanlega metinn að verðugu af öllum þroskuðum kjósendum landsins. Alveg á sama hátt og kjósendur-

nir fyllast í senn fyrirlitningu og undrun, þegar þeir lesa tífalda útgjaldatillögur þessara manna hér á Alþingi. Í tillögum sínum þykjast þessir herrar vilja dreifa út milljónum og milljónatugum til ýmiss konar framkvæmda víðsvegar um landið. Má raunar segja, að flestar séu þær framkvæmdir þarfar, en það vantar, sem við á að éta, sem sé peningana, til að standa undir framkvæmdunum. Öðru hvoru rennir þá þó grun í þetta og burðast við að flytja sparnaðartillögur. Aldrei hefur slík viðleitni verið veigaminni og aumlegri en á þessu þingi. Háttvirtur landskjörinn þingmaður, Hannibal Valdimarsson, lét sér þannig sæma að leggja til, að hætt væri að veita fé til fjármálaeftirlits með gagnfræðaskólum landsins. Honum kom þá í hug, að eftirlitið hefur leitt í ljós, að þessi háttvirti þingmaður nánast leigði út skólastjóraembættið sitt á Ísafirði síðastliðið ár og hafði hann því í tekjur 30 þús kr., og hann kæmi þá ekki nærri embættinu, heldur stundaði eingöngu hina pólitísku spellvirkjagerð sína. Í beinu framhaldi af þeirri tillögu að koma í veg fyrir svona skaðsamlegt eftirlit var önnur um að lækka fjárveitingu til að eyða refum og villiminnkum. Háttvirtan þingmann skortir auðsjáanlega ekki samúðina með þeim skemmdarvörgum. Vonandi tekst að eyða þeim úr þjóðlífínu á sama veg og áhrifa hinna rauðu óheillastefnu fara nú óðum

minnkandi. Þá kemur það óneitanlega úr hörðustu átt, þegar háttvirtir stjórnarandstæðingar eru að kvarta undan ofsóknum og harðæði stjórnvaldanna. Mennirnir, sem einmitt eru staðnir að því að byggja á því alla sína pólitísku afkomu að vera með stöðugan eltingaleik, róg og illmæli um meðborgara sína. Sannleikurinn er sá, að umburðarlyndi íslenzkra stjórnvalda sínaft oft lítil takmörk sett. Svo við tökum dæmi, hvar mundi það þekkjast nema á Íslandi, að á einni dýrmætustu lóð landsins, beint á móti sjálfri stjórnarbyggingunni leigði ríkisstjórnin út húsnæði, sem ríkið á, til þess að þar væri haldið uppi verzlun með áróðursrit fyrir stjórn-  
málaflokk, sem vitanlega er kostaður af erlendu fé til höfuðs sjálfstæðis íslenzku þjóðarinnar. Eins efast ég um, að það muni mjög víða tíðkast, sem siður er hér á landi, að þegar kommúnistar senda áróðurssveitir sínar austur til síns helga lands og velja til þess menn í ríkisþjónustu, þá eru ferðalögin sjálf að vísu kostuð af hinu erlenda ríki, sem kommúnistar vinna fyrir. Íslenska ríkið borgar þeim af starfsmönnum sínum, sem í áróðursferðirnar fara, full laun á meðan. Slík framkoma er vissulega eftirtektarverð, sannast sagt ber hún meira vott um annað en skort á umburðarlyndi eða vilja til að ofsækja þá, sem á annari skoðun eru. Stjórnarandstæðingar hafa að því leyti góða aðstæðu, að alltaf er auðvelt að

gagnrýna, því að enn hefur engum manni tekizt svo, að ekki mætti með rökum finna að einhverju, sem hann hefur gert. Þó að aðstaða stjórnarandstæðinga sé að því leyti auðveld geta þeir ekki leynt úrræðaleysi sínu og algerrri sundrung um flest það, sem nokkru máli skiptir. Þetta kemur okkur, sem fylgjustum daglega með störfum þingsins ekki á óvart. Þessir flokkar eru ekki aðeins sundraðir sín á milli heldur einnig innbyrðis. Sundrungin nær svo langt, að nýlega neitaði formaður Alþýðuflokksins jafnvel að taka þátt í kosningu formanns þingflokks Alþýðuflokksins, Haralds Guðmundssonar, eins og meinlauss starfs sem veru í Þingvallanefnd, sem Haraldur hefur þó gegnt árum saman. Og þegar Þjóðvarnarmennirnir sýndu kommúnistum þjónslund sína með því að hjálpa þeim til að ná kosningu í tvær nefndir, sem ráða miklu um menningu og menntun landsmanna, Menntamálaráð og Utvarpsráð, þá fá þeir háð, spott og skammir fyrir í Þjóðviljanum. Vera kann að eitt-hvað af því sé leikaraskapur, til þess að láta líta svo út sem bilið á milli þeirra flokka sé meira en það raunverulega er. Eftir stendur samt það, að þegar samlyndið er svona í þessum efnum og á meðan þeir eru allir ábyrgðarlausir, hvernig halda menn þá að færi, ef þessir menn þyrftu að vinna að úrlausn raunverulegra vandamála, ef þjóðin yrði einhvern tíma svo óheppin, að stjórn- mála hennar kæmst í hendur þessara ógæfumanna. Nei, hér hnígur allt að því sama. Núverandi

stjórnarflokka greinir raunar á um margt, en eins og nú til háttar um fyrirsjáanlega framtíð eru þeir eina aflið í þessu þjóðfélagi, sem getur látið landinu í té stjórnhæfa ríkisstjórn, sem getur staðið fyrir málum þjóðarinnar.